


Bókakynning

Í ríki óttans

Þorbjörg Jónsdóttir Schweizer rekur hér örlagasögu sína. Sem ung stúlka kynntist hún vistarbandi, en síðar giftist hún Þjóðverjanum Bruno Schweizer og flutti með honum til Þýskalands skömmu áður en seinni heimsstyrjöldin skall á. Þorbjörg var fædd í Eintúnahálsi á Síðu, sem er eyðibýli inn af Heiðarseli. Magnús Bjarnfreðsson frá Efri-Vík skrásetti.



Refaskyttan hugljúfa

Sigurður Ásgeirsson frá Framnesi í Mýrdal var landsþekkt refaskytta og einstakt náttúrubarn. Hann þekkti lifnaðarhætti refa flest - um öðrum betur, hagnýtti sér atferli fuglanna til að fylgjast með ferðum lágfótu. Margar skemmtilegar veiðisögur eru í bókinni, sagðar af Sigurði sjálfum og vinum hans. Bókin er um 200 bls, prýdd 153 ljósmyndum, gömlum og nýjum. Bókin fæst hjá Landgræðslu ríkisins og í veiðibúðum og kostar 4.000 kr. Bókin er uppseld, en stefnt er að annarri prentun. Umsjón með útgáfu hafði Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri. Pantanasími 488 3000. Netfang: land@land.is



Netfangasöfnun

Munið að senda inn netföng á skaft@skaft.is

Myndakvöld

Fimmtudagskvöldið 17. febrúar 2011 kl. 20 í Skaftfellingabúð verður frunsýndur fyrri þáttur í vikmynd Þrándar Thoroddsen frá 1974 um Þjóðhátíð Skaftfellinga að Kleifum og frá vígslu kapellu Jóns Steingrímssonar. Vikmynd þessi hafði lent í glatkistunni, en fannst fyrir skemmstu. Þá verða sýndar ljósmyndir frá Núpsstað auk fleiri áhugaverðra mynda gefist tími til. Aðgangur ókeypis. Seldar verða léttar veitingar í hléi.



Skálm

Skálm ganga lausar nú sem fyrr og þjálf þrek og þor tvisvar í viku. Þann 15. desember gengu 15 Skálm um miðbæinn og eins og stundum áður var matast á veitingastaðnum Caruso. Næsta sumar er stefnan tekin á Hornstrandir og verður haldið til að Sæbóli í Aðalvík í nokkra daga í júlí. Nú er um að gera að slást í hópinn og stika um Elliðaárdalinn á miðvikudagskvöldum og Heiðmörk á laugardagsmorgnum.

Skaftfellingabúð

Útleiga Skaftfellingabúðar er í umsjón Ingu Jónu Sigfúsdóttur s. 863 2087.



Fréttabréf

Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

1. tbl. janúar 2011

Endursendist með upplýsingum um nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

• **Þorablót**
í Skaftfellingabúð
laugardag
22. janúar 2011

• **Hornafjarðarmanni**
á HÖFNINNI
föstudag, kl. 20
4. febrúar 2011

• **Myndakvöld**
í Skaftfellingabúð
fimmtudag kl. 20
17. febrúar 2011

• **Skaftfellingamessa**
í Breiðholtskirkju
sunnudag kl. 14
20. mars 2011

• **Sumarskálm 2011**
er fyrirhugað um Aðalvík

• **Söngfélagið**
í Skaftfellingabúð
Söngæfingar
öll þriðjudagskvöld kl. 20

• **Skálm**
Miðvikudaga kl. 19:30
Laugardaga kl. 11:00

Þorablót

Skaftfellingafélagsins verður haldið í Skaftfellingabúð

laugardaginn 22. janúar 2011

og hefst með borðhaldi kl. 20

Húsið verður opnað kl. 19

Veislustjórni og skemmtidagskrá annast Dúett,
söngvararnir og fjörkálfarnir
Stefán Helgi Stefánsson og Davíð Ólafsson
Undirleikari Helgi Hannesson



Um dansmúsíkina sjá Grétar Örvarsson og Bjarni Arason

Glæsilegt þorrahlaðborð auk lambapottréttar

Við miðþapöntunum taka

Hákon (821 2115), Helgi (899 4818) og Svavar (856 9670)
og skaft@skaft.is til og með 19. janúar

Aðgangur kr. 5.000

Gleðilegan Þorra



Alltaf mættir tímanlega



Valdimar Gíslason kemur aldrei einsamall



Tónabræður



Steinunn Klara Guðjónsdóttir, Páll Jóhannesson og Helgi Pálsson



Söngfélag Skaftfellinga



Stefán Bjarnason



Guðjón Jónsson, Páll Jóhannesson og Skúli Oddsson

Sjaldan hefur verið hlegið hærra og meira í Skaftfellingabúð en kvöldið 18. nóvember þegar fimm hagyrðingar fóru þar með sinn hnyttna kveðskap. Þetta voru Vestur-Skaftfellingarnir Heiða Guðný Ásgeirsdóttir á Ljótastöðum og Reynir Ragnarsson í Vík og Austur-Skaftfellingarnir Halldór Þorsteinsson frá Svínafelli og Torfhildur Torfadóttir á Gerði. Ómar Ragnarsson sem einnig á rætur að rekja í Skaftafellssýslur stjórnaði hópnum og lagði fram drjúgan skerf af skemmtiefni.



Ómar, Torfhildur, Halldór, Heiða og Reynir

Skáldin kynntu sig í bundnu máli og brugðu líka upp myndum af hinum þátttakendum, rifjuðu upp gömul kynni og reyndu að stofna til nýrra. Halldór var að hitta Heiðu í fyrsta skipti þennan dag og fékk mikið klapp í salnum er hann orti svo til hennar: Heiða, lítt um hagi þína háttalag og siði veit. Inn í líf þitt reyni að rýna, ég reyndar veit þú býrð í sveit.

Heiða, þú ert laus og liðug, líkt er ástatt fyrir mér. Ég á hugmynd, hún er sniðug að heim á óðal fylgi þér.

„Nú, þetta ætlar að hafa afleiðingar,“ sagði stjórnandinn Ómar og tók eitt af sínum frægu bakföllum.

Tolla orti til Halldórs:

Sjáið vinir segginn þann sem mitt hlýtur lofið. Hjá skáldgyðjunni hefur hann held ég alltaf sofið.

Meðal yrkisefna voru Skaftafellssýslurnar og munurinn á þeirri eystri og vestri og íbúum þeirra.



Heiða rakti muninn aftur til sköpunarinnar og taldi almættið hafa komið úr vestri og haldið til austurs eins og þurrkinn.

Fullkomið hreint allt hjá honum frá hæstu fjöllum í djúp svo var göslið algert á onum austan við Lómagnúp.

Reynir setti alla sýslubúa undir einn hatt er hann orti:

Skýrt er sagt um Skaftfellinga þeir skoði vel sitt orðaval til loforða ei létt að þvinga en lofi þeir – það standa skal.



Eftir um tveggja tíma frábæra dagskrá með góðu kaffihléi tóku Kristinn Kjartansson og Stefán Bjarnason upp dragspilin og fylltu salinn ljúfum tónum meðan gestir bættu á sig kökum og aðrir kíktu á barinn.

Stjórn Skaftfellingafélagsins 2010-2011

Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415	skuli.oddsson@umh.stjr.is
Anna Sigurðardóttir	564 2210	861 5817	anna@brunabot.is
Edda Sigurðis Oddsdóttir	588 0113	892 4503	edda@skogur.is
Helgi Pálsson	565 4818	899 4818	hpfoss@simnet.is
Svavar M. Sigurjónsson	564 0670	698 9053	svavar@teknik.is

Varamenn Hákon Jón Kristmundsson, Jón Geir Birgisson og Rúnar Þór Guðbrandsson.